

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1999 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 1999 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1998, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1999:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1999:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1999:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðsfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1999, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1998 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.